

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2018

Mál: Umsögn um drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.

Samtökin telja nauðsynlegt að kerfisbreytingar vegna skattlagningar ökutækja leiði alls ekki til aukinnar skattheimtu. Þess verði sérstaklega gætt að ekki verði raskað samkeppnisstöðu atvinnulífsins, einstakra greina þess og fyrirtækja.

Samtökin telja tillögur í skýrslunni almennt jákvæðar. Samtökin taka undir sjónarmið um að fyrirkomulagi skattlagningarinnar verði breytt og að hún verði markvissari og skilvirkari. Þá taka samtökin undir tillögur um að sameina eigi í tvenn lög helstu löggjöf er snýr að skattlagningu ökutækja annars vegar og eldsneytis hins vegar. Slík breyting myndi, ef vandað er til verka, einfalda lagaumhverfið og gera löggjöfina aðgengilegri og þægilegri í framkvæmd. Samtökin taka jafnframt undir sjónarmið í skýrslunni um þrepaskipt afnám ívilnandi skattaundanþága þar sem það skapar sanngjarnara skattaumhverfi. Samtökin telja einnig jákvætt að byggja skattlagningu á notkun ökutækja.

Samtökin benda á að skýrslan fjallar einungis að litlum hluta um áhrif breytinganna á atvinnulífið. Nauðsynlegt er að skýrslu og tillögum um skattkerfisbreytingarnar fylgi lýsing á áhrifum á mismunandi atvinnugreinum og rekstur flutningatækja, þungavinnuvéla og annarra mikilvægra tækja. Setja samtökin að því leyti fyrirvara við niðurstöður skýrslunnar og leggja til að úrbót verði gerð þar á.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum ef þess gerist þörf.

Virðingafyllst,

